

Kennsla hófst í dag 10. janúar og eru nemendur og starfsfólk tilbúin að byrja önnina. Töflubreytingum lauk í Innu 5. janúar en halda áfram á skrifstofunni til 14. janúar. Þeir sem eru ekki búnir að fá lausn sinna mála geta komið til námstjóra ( Einars, Jóhönnu eða Þorsteins ) , Pálma áfangastjóra eða Helgu konrektors og fengið aðstoð. Við hvetjum ykkur til að gera það sem fyrst.

Í MH er almenn grímuskylda og í kennslustofum gildir eins metra nándarregla og grímuskylda ef ekki tekst að virða þau mörk. Við hvetjum nemendur til að koma með eigin grímur en erum einnig með grímur í anddyri skólans ef einhver er í vandræðum.

**Við viljum benda öllum á heimasíðuna okkar þar sem við uppfærum upplýsingar um leið og þær breytast:**

- Á forsíðunni er hnappur sem heitir [Kennsla í Covid-19](#) og undir honum setjum við allar nýjustu leiðbeiningar og reglur sem við viljum að farið sé eftir. Þar eru líka ferlar um hvernig á að bera sig að ef um einangrun eða sóttkví er að ræða. Þar má t.d. lesa um hverjir mega koma í skólann þó þeir séu í sóttkví.
- Á heimasíðunni erum við líka með stað þar sem við setjum alla [tölvupósta](#) sem sendir eru út til nemenda í gegnum Innu. Þar má t.d. finna upptöku af rafrænni skólasetningu sem fór fram í morgun kl. 8:20.

Nemendur sem greinast með Covid-19 eða þurfa að fara í sóttkví ( falla ekki undir skilyrðin um að mega sækja skóla í sóttkví) skrá sig veika í Innu (daglega) og taka fram í athugasemd að um **Einangrun eða Sóttkví** sé að ræða og hversu lengi. Skrifstofan hefur samband við kennara viðkomandi nemanda og hvetjum við nemandann til að vera í góðu sambandi við kennarann sinn í gegnum Innu og fylgjast vel með öllu þar. Námsáætlun hvers áfanga á að innihalda upplýsingar um tímasetningar sem skipta máli og þurfa allir nemendur að vera meðvitaðir um þær. Ekki er verið að streyma frá kennslunni og því skiptir miklu máli að nemendur séu sjálfir meðvitaðir um hvað er á dagskrá hverju sinni.

[Veikindaskráning](#) fer fram í gegnum Innu og hvetjum við ykkur til að skrá ykkur veik ef þið hafið einhver einkenni. Í veikindaskráningunni þarf að skrá athugasemd þar sem nemendur skrifa hvaða veikindi er um að ræða. Sóttkví, einangrun og fyrir önnur veikindi er lágmark að setja textann „veikindi“.

Kennarar sem lenda í sóttkví ( og uppfylla ekki skilyrði um að mega sækja vinnu) munu kenna í gegnum kennslukerfið og kennarar sem fá Covid-19 verða leystir af í þeim tilfellum sem það þarf og við verður komið.

Við hvetjum alla til að sinna persónulegum sóttvörnum til að skólastarfið gangi sem best.

Kv, stjórnendur MH